Borgarráð samþykkti að minnka lóð Sjómannaskólans:

Framvellinum úthlutað til fyrirtækja?

Kás — Borgarráð samþykkti í gær tillögu frá Skipulagsnefnd um að lóð Sjómannaskólans yrði afmörkuð greinilega, en Sjómannaskólinn hefur hingað til haft lauslegt fyrirheit um allt það landsvæði sem liggur í nánasta umhverfi hans. Samtals mun það óræktarsvæði sem Sjómannaskólanum var gefið fyrirheit um nema um 6.5 hekturum. Með samþykkt borgarráðs í gær, var það svæði minnkað um ca. tvo hektara.

Borgarráð samþykkti að svæðið norðan og neðan við klettabeltið sem Sjómannaskólinn stendur við yrði tekið undan umsjá hans, og því úthlutað væntanlega til fyrirtækja. Svæði þetta mun kunnara undir nafninu gamli Fram-völlurinn.

Með samþykkt sinni heggur borgarráð á þann Gordion-hnút eða deilu, sem verið hefur milli borgarinnar og ríkisins um framtíðarskipulag þessa svæðis og skólans, sem staðið hefur yfir í nærfellt tvö ár.

Við þessa samþykkt skapast möguleikar á að úthluta Parmaco lóð undir starfsemi sína, en það fyrirtæki hefur sótt mjög fast á um að fá aðstöðu á því svæði sem borgarráð tekur nú undan umsjá Sjómannaskólans.

Eitt ár frá upphafi áætlunarflugs Arnarflugs innanlands:

Hefur flutt 20 þús. farþega

— og 170 tonn af vörum, á þessum tíma


JSS — Á morgun, sunnudag, er eitt ár liðið frá því að Arnarflug hóf áætlunarflug innanlands. Hefur félagið á þessum tíma flutt tæplega 20.000 farþega og 170 tonn af vörum.

Frá því að innanlandsflugið hófst hafa verið farnar um 1300 ferðir til 9 staða vestan og norðanlands. Fyrir skömmu bættist 10. staðurinn, Grundarfjörður, við. Þá hafa vélar félagsins verið notaðar til leiguflugs, samhliða áætlunarfluginu. Hefur verið flogið með vörur og farþega innanlands og milli landa. Í sumar hefur félagið flutt í leiguflugi og útsýnisflugi um 2200 farþega.

Arnarflug á nú 4 vélar, sem notaðar eru á leiðum innanlands, 2 Twin Otter vélar, sem hvor um sig tekur 19 farþega, 1 Piper Chieftain 9 sæta, svo og skrúfuþotu af gerðinni Piper Cheyenne, sem einnig er notuð til leiguferða til nágrannalandanna.

Í frétt frá flugfélaginu segir, að það hafi reynt að beita áhrifum sínum til að bæta flugvallarskilyrði úti á landi. Eitt af aðalmálunum í því sambandi hafi verið að fá lýsingu á flugvellina. Þá sé ofarlega á óskalista félagsins að fá eldsneytistanka sem víðast á flugvelli, þar sem það skerði mjög burðargetu flugvélanna að þurfa alltaf að flytja með sér eldsneyti til heimferðarinnar.

Loks segir, að það sé mikið áhugamál starfsmanna Arnarflugs að auka flugsamgöngur sem mest, svo að sem flestir geti notið þess öryggis, sem flugið veiti landsbyggðinni. Óski félagið eftir sem bestri samvinnu við sveitarstjórnir, svo og flugmálayfirvöld í þeirri baráttu.



KL — Í dag, laugardaginn 13. september, opnar Vilhjálmur Bergsson málverkasýningu að Kjarvalsstöðum. Á sýningunni verða 63 málverk og 10 teikningar. Þetta er 16. einkasýning Vilhjálms hér á landi, en hann hefur sýnt víða, m.a. haldið einkasýningar á Norðurlöndunum, í Hollandi og Bandaríkjunum, og 5 einkasýningar hefur hann haldið í Kaupmannahöfn. Hann hefur tekið þátt í mörgum samsýningum víða um heim. Síðasta einkasýning Vilhjálms var að Kjarvalsstöðum 1978. Sýningin nú, sem ber nafnið „Ljós og víddir", stendur til 21. september og er opin alla daga kl. 2-10.
(Tímamynd Róbert)

NÁMSKEIÐ UM FELDFJÁRRÆKT

HEI — „Ýmsir hafa áhuga á á feldfjárræktinni og útlit er fyrir, að hún hefjist á 10-12 stöðum nú í haust", sagði Sveinn Hallgrímsson, ráðunautur í samtali við Tímann í gær.

Sveinn sagði ýmislegt hafa verið gert í sambandi við þessi feldfjárræktaráform, varðandi upplýsingamiðlun og skipulagsundirbúning. Mönnum hafi verið sýndar valdar gærur sem Sláturfélagið hefur selt á uppboði í London og nokkrir hafa farið út til Svíþjóðar til að kynna sér feldfjárrækt þar í landi. Nú hafi verið fenginn hingað sænskur sérfræðingur í dómum á feldgæðum á lifandi fé, Thorsten Eklund, til að halda hér 4 námskeið á næstunni.

Um er að ræða 3 tveggja daga námskeið og svo einsdagsnámskeið í lokin. Fyrsta námskeiðið hefst að Hólum í Hjaltadal mánudaginn 15. september, annað að Kirkjubæjarklaustri föstudaginn 19. september og það þriðja í Króksfjarðarnesi miðvikudaginn 24. september. Að lokum verður svo eins dags námskeið í Borgarhreppi í Mýrasýslu, sem nánast er ætlað heimamönnum og framhaldsdeild Bændaskólans að Hvanneyri. Þeir sem taka á móti þátttökubeiðnum á hverjum stað eru: Grétar Geirsson, ráðsmaður að Hólum, Einar Þorsteinsson ráðunautur í Sólheimahjáleigu, Þórarinn Sveinsson ráðunautur á Hólum um Króksfjarðarnes og Bjarni Arason ráðunautur í Borgarnesi.

Sveinn sagði menn hafa myndað áhugahópa um feldfjárrækt og væru 1-2 úr hverjum hópi heimilað að taka þátt í þessum námskeiðum. Þá væri reiknað með ráðunautum í sauðfjárrækt og einnig hefðu verið send boð til sláturleyfishafa ef þeir hefðu áhuga á að senda þá menn sína sem vinna í gæruhúsum eða sláturrétt. Einnig er gert ráð fyrir yfirgærumatsmönnum og mönnum Bændaskólans.

Um tilgang þessara námskeiða sagði Sveinn, að það fyrsta sem kenna þyrfti mönnum væri að meta hvað átt væri við með feldgæðum og að meta það á lifandi lömbum, þannig að hægt sé að framkvæma úrval eftir feldeiginleikum í haust. Það væri grundvallaratriðið fyrir því að bændur gætu kynbætt þessa eiginleika.

Allsherjarþing S.Þ.
Hefst á miðvikudag

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna verður sett miðvikudaginn 17. þ.m.

Ólafur Jóhannesson utanríkisráðherra mun sækja þingið. Hann fer héðan 18. þ.m. og er væntanlegur heim aftur 3. október. Hann mun taka þátt í umræðunum, sem fara fram í upphafi þingsins. Gert er ráð fyrir, að hann flytji ræðu sína 22. þ.m.

Ásamt utanríkisráðherra mun Hannes Hafstein skrifstofustjóri utanríkisráðuneytisins fara vestur og verða fulltrúi á þinginu. Auk þeirra verða svo fulltrúar á þinginu sendimenn Íslands í New York.

Þingflokkarnir eiga þess kost að senda tvo fulltrúa á þingið og munu þeir mæta þar til skiptis. Sjálfstæðisflokkurinn hefur tilnefnt þá Lárus Jónsson og Birgi Ísleif Gunnarsson. Framsóknarflokkurinn hefur tilnefnt Jóhann Einvarðsson. Öðrum tilnefningum er ekki lokið.

Gert er ráð fyrir, að fulltrúar flokkanna mæti ekki á þinginu fyrr en upp úr miðjum október, en þá er vænst þess, að nefndarkosningum á Alþingi verði lokið.

Í gær voru lðngarðar Selfossi:

Formlega afhentir fyrstu leigutökunum

AB — Merkum áfanga í iðnþróunarsögu Selfossbæjar var náð í gær, er Selfossbær og Iðnþróunarsjóður Selfossbæjar afhentu bygginguna Iðngarða fyrstu leigutökunum, sem eru þrjú ung iðnfyrirtæki.

Byggingin, sem er 618 fermetrar (2900 rúmmetrar) er stálgrindarhús á steyptum metrahá um veggjum. Byggingin er í eigu Selfossbæjar og hefur hún aðallega verið fjármögnuð með framlögum úr bæjarsjóði.

Fyrirtækin sem fá inni í húsinu til að byrja með, en ætlunin er að ekkert fyrirtæki fái inni í Iðngörðum lengur en í þrjú ár, eru Prjónastofan Björg h.f. sem fær helming húsnæðisins, Fossplast sem er fyrirtæki í trefjaplastiðnaði fær fjórðung hússins og þriðji aðilinn er svo Þorsteinn Bjarnason bílamálari.

Húsið er afhent fullfrágengið að utan fulleinangrað og klætt að innan, og síðan innrétta leigutakar eftir því sem þeim hentar.

Hafsteinn Þorvaldsson formaður byggingarstjórnarinnar tjáði Tímanum í gær að tilgangurinn með byggingu þessari væri að laða til Selfossbæjar ungan iðnað og hlúa að honum. Það gerði Selfossbær með því að hafa leigugjöld í Iðngörðum í algjöru lágmarki eða jafnvel engin til að byrja með, þannig fengi Prjónastofan Björg h.f. t.d. fría leigu fyrstu sex mánuðina á meðan að hún væri að koma undir sig fótunum, og hinir leigutakarnir væntanlega einhvern tíma líka.

„Erum ekki að reyna að knésetja Flugleiðir"

Stjórn ABR vill harðlega vísa á bug staðhæfingum stórnarform. Flugleiða h/f þess efnis að Alþýðubandalagið stefni að því að knésetja Flugleiðir h/f.

Svo segir í ályktun, sem blaðinu hefur borist frá Alþýðubandalaginu. Hins vegar vill ABR taka skýrt fram að fyrir 2 árum vakti Alþýðubandalagið fyrst athygli á þeirri gífurlegu rekstrarhættu, sem allar flugsamgöngur landsins eru í.

ABR vekur ennfremur athygli á að undanfarin ár hafa Flugleiðir h/f stundað umtalsverðan fjármagnsútflutning í formi stofnunar erlendra dótturfyrirtækja, án eftirlits íslenskra stjórnvalda.

ABR er eindregið á móti því að einkaaðilar braski með samgöngur til og frá landinu og atvinnuöryggi fjölda fólks, sér til efnahagslegs ávinnings en ætli síðan almennum skattgreiðendum að bera í sameiningu taprekstur félagsins þegar á bjátar.